

**Viðmið um meðferð aðsendra beiðna um kannanir
samþykkt í gæðaráði 24. júní 2013**

1. gr. Kannanateymi Háskólans á Akureyri (HA) hefur umsjón með útsendingu kannana til nemenda og starfsfólks HA.

2. gr. Beiðnir um útsendingu kannana til nemenda og/eða starfsfólks þurfa að berast kannanateymi formlega, að jafnaði fyrir 15. september vegna kannana á haustmisseri og 15. janúar vegna kannana á vormisseri.

3. gr. Kannanir á vegum Háskólans á Akureyri, einstakra deilda og/eða gæðaráðs skólans, og þær kannanir sem sendar eru út í nafni háskólans ganga fyrir öðrum könnunum.

Kannanateymi HA gætir þess að slíkar kannanir hafi gott svigrúm.

- Teymið mótar sér verklagsreglur til að vinna úr beiðnum um kannanir sem berast fyrir settar dagsetningar og forgangsraðar þeim eftir stærð og mikilvægi. Þær beiðnir sem berast eftir þessar dagsetningar er að öllum jafnaði hafnað nema sérstakar ástæður gefi tilefni til annars.
- Teymið ber ábyrgð á að tilkynna þetta verklag á vef skólans og kynna það ásamt þessum reglum meðal starfsfólks og FSHA.